

Nð.

496. Breytingartillögur

við frv. til laga nm ófriðun sels í Ölfusá.

Frá Bernharði Stefánssyni.

I. Við 2. gr. Greinin orðist svo :

Fyrir missi selveiðinytja i ánni vegna ákvæða 1. gr. skulu koma fullar bætur, eftir dómkvaddra manna mati, og vera árgjald. Peir, er laxveiðirjett eiga í Ölfusá (Hvítá) og á m þeim, er i hana renna, skulu greiða bæturnar að tiltölu eftir veiðimagni samkvæmt hlunnindaskýrslum næsta árs á undan. Jafnar sýslumaður gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingum, og fylgir því lögtaksrjettur. Nú er laxveiðirjettur leigður, og greiðir leigutaki þá bætur í stað veiðieiganda.

II. Við 3. gr. Síðari málsliður greinarinnar falli niður.